Nr. 939 27. október 2016

# GJALDSKRÁ

**Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.**

**Matvælaeftirlit.**

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi Matvælastofnunar. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við þá eftirlitsskyldu starfsemi sem fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

**Hollustuhættir og mengunarvarnir.**

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt 11. og 12. gr. ásamt viðauka við gjaldskrá þessa.

4. gr.

*Tóbaksvarnir.*

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit með, sbr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum, sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu, að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt 11. og 12. gr. ásamt viðauka við gjaldskrá þessa.

5. gr.

*Um meðhöndlun úrgangs.*

Vegna eftirlits, sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 13.200 |
| Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldra eðlisfræðilegra mælinga. | kr. 14.000 |

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:<br>Auk auglýsingakostnaðar ef við á | eitt og hálft tímagjald |
| Nýtt leyfi:<br>Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á | tvöfalt tímagjald |

Önnur leyfi:

| | |
|---|---|
| Leyfisgjald | tvöfalt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs | |
| ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |

Gjaldagi er við móttöku umsóknar eða útgáfu reiknings og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir gjalddaga.

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Um álagningu og innheimtu gjalda sem fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 20. október 2016, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 26. október 2016 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 25. október 2016, með vísun til ákvæða 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr

gildi gjaldskrá nr. 984/2012 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi, með síðari breytingum.

*Garðabæ, 27. október 2016.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

**með gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarra gjaldskyldra starfsemi.**

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Akstursíþróttasvæði og/eða akstursæfingabraut | 1 | | 39.600 |
| Alifuglarækt | 1 | | 72.600 |
| Áfengisverslun | 0,25 | | 9 900 |
| Bakarí | 1 | 1 | 86.600 |
| Bakarí, verslun, minni háttar veitingasala | 1 | 1 | 86.600 |
| Bakarí og veitingasala | 1 | 1 | 86.600 |
| Bensínstöð, sjálfsafgreiðsla | 1 | | 46.200 |
| Bílgrein, lítið bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 19.800 |
| Bílgrein, viðgerðaraðstaða, bónstöð o.þ.h. | 0,5 | | 19.800 |
| Bílgrein, ryðvörn o.þ.h. | 1 | | 66.000 |
| Bílgrein, smurstöð | 0,5 | | 39.600 |
| Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir | 0,5 | | 13.200 |
| Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja | 0,5 | | 39.600 |
| Bílgrein, hjólbarðaverkstæði | 0,5 | | 13.200 |
| Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 39.600 |
| Bílgrein, margþætt starfsemi | 1 | | 92.400 |
| Bílgrein, bifreiðasprautun | 0,5 | | 39.600 |
| Bílgrein, réttingaverkstæði | 0,5 | | 19.800 |
| Bílgrein, þvotta- og bónstöð | 0,5 | | 39.600 |
| Bílgrein, partasala | 2 | | 66.000 |
| Brenna | 1 | | 39.600 |
| Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn | 0,5 | | 19.800 |
| Dvalar- og hjúkrunarheimili | 1 | 1 | 66.800 |
| Dýralæknastofa | 0,5 | | 19.800 |
| Efnalaug og/eða þvottahús | 0,5 | | 46.200 |
| Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug | 4 | 3 | 200.400 |
| Endurnýting úrgangs úr öðru en málmum | 1 | | 59.400 |
| Fangageymsla | 0,5 | | 16.500 |
| Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h., án eldhúss | 0,5 | | 19.800 |
| Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h., með eldhúsi | 0,5 | | 26.400 |
| Fiskbúð | 1 | 1 | 60.200 |
| Fiskverkun – almenn | 1 | | 66.000 |
| Fiskverkun – sérhæfð | 1 | | 79.200 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Fjallaskáli | 0,5 | | 16.500 |
| Flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | | 19.800 |
| Flutningur eða móttaka spilliefna | 0,5 | | 28.050 |
| Fótaaðgerðarstofa | 0,5 | | 19.800 |
| Framleiðsla eða pökkun á kornvörum | 1 | 1 | 73.400 |
| Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | | 66.000 |
| Framleiðsla og átöppun drykkjarvara annarra en neysluvatns | 1 | 1 | 98.500 |
| Framleiðsla á dýrafóðri | 0,5 | | 26.400 |
| Framleiðsla á matvöru til matvælavinnslu | 1 | 1 | 73.400 |
| Framleiðsla á steinsteypu | 1 | | 66.000 |
| Framleiðsla á matvælaumbúðum | 1 | | 46.200 |
| Framleiðsla tilbúinna rétta | 1 | 1 | 113.000 |
| Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæl | 1 | 0,5 | 79.600 |
| Gasbirgðastöð | 1 | | 59.400 |
| Gámastöð | 0,5 | | 13.200 |
| Gisting, hótel, veitingasala | 1 | 1 | 106.400 |
| Gisting – gistiheimili eða lítið hótel með veitingasölu | 1 | 1 | 60.200 |
| Gistiheimili án veitingasölu | 0,5 | | 19.800 |
| Gisting, heimagisting | 0,25 | | 9.900 |
| Gleriðnaður | 1 | | 39.600 |
| Grjótnám | 1 | | 66.000 |
| Grunnskóli án mötuneytis | 0,5 | | 33.000 |
| Grunnskóli með mötuneyti | 1 | 1 | 93.200 |
| Gæludýraverslun | 0,5 | | 19.800 |
| Gæsluvöllur og opið leiksvæði | 1 | | 39.600 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofa | 0,5 | | 23.100 |
| Hárgreiðslustofa | 0,5 | | 19.800 |
| Heilsugæslustöð | 0,5 | | 19.800 |
| Heimili með félags og/eða heilbrigðisþjónustu | 0,5 | | 39.600 |
| Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir | 1 | | 39.600 |
| Hestaíþróttasvæði þ.m.t. reiðhöll | 1 | | 39.600 |
| Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda | 1 | | 52.800 |
| Húðflúrstofa | 1 | | 39.600 |
| Húðgötun | 1 | | 39.600 |
| Íþróttahús, lítið | 1 | | 39.600 |
| Íþróttahús | 1 | | 66.000 |
| Íþróttavellir | 1 | | 39.600 |
| Kaffibrennsla | 0,5 | | 29.700 |
| Kaffihús, lítið | 0,5 | | 13.200 |
| Kaffihús, krá, án matsölu | 1 | | 30.500 |
| Kaffihús, krá, með matsölu | 1 | 1 | 71.000 |
| Kappaksturs- og æfingabraut | 1 | | 39.600 |
| Kennslustaður, framhaldskólastig, mötuneyti | 1 | 1 | 93.200 |
| Kennslustaður, verknám í matvælavinnslu | 1 | 1 | 93.200 |
| Kennslustaður, dansskóli, ökuskóli, tónlistarskóli o.þ.h. | 0,5 | | 19.800 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Kjötiðn, mjólkuriðn, reykhús eða niðursuða | 0,5 | | 29.700 |
| Krydd- og bragðefnaframleiðsla eða pökkun | 1 | 0,5 | 66.400 |
| Kvikmyndahús | 1 | | 39.600 |
| Leikhús | 1 | | 39.600 |
| Leikskóli án mötuneytis | 1 | | 66.000 |
| Leikskóli með mötuneyti | 2 | 1 | 119.600 |
| Líkamsræktarstöð, lítil | 0,5 | | 19.800 |
| Líkamsræktarstöð | 1 | | 39.600 |
| Líkamsræktarstöð, með heitum pottum | 2 | 1 | 93.200 |
| Lyfjagerð | 1 | | 62.700 |
| Læknastofa | 0,5 | | 19.800 |
| Læknahús, röntgen, aðgerðastofa | 0,5 | | 23.100 |
| Malar- og sandnám - efnistaka á vatnsverndarsvæði | 1 | | 92.400 |
| Matjurtarækt, fræ- eða baunaspírur o.þ.h. | 1 | 1 | 73.400 |
| Matjurtir, framleiðsla og pökkun | 1 | 1 | 73.400 |
| Matsölustaður, lítill | 1 | 1 | 53.600 |
| Matsölustaður | 1 | 1 | 73.400 |
| Matvörusala, minni háttar | 1 | | 40.400 |
| Matvörusala, heildverslun | 1 | | 46.200 |
| Matvöru- og snyrtivörusala, sérhæfð | 1 | | 33.000 |
| Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 1 | 106.400 |
| Matvöruverslun án vinnslu | 1 | 1 | 60.200 |
| Matvörudreifing s.s. heildverslun | 1 | | 45.500 |
| Málmiðn; sandblástur | 1 | | 52.800 |
| Málmiðn; blikksmíði með lítið umfang | 0,5 | | 8.250 |
| Málmiðn; flotkví | 1 | | 82.500 |
| Málmiðn; blikksmíði | 0,5 | | 11.550 |
| Málmiðn; vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | | 33.000 |
| Málmiðn; kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | | 31.350 |
| Málmiðn; spennaviðgerðir | 0,5 | | 26.400 |
| Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | | 20.000 |
| Meðferð og húðun málma | 1 | | 52.800 |
| Móttaka brotamálms | 2 | | 118.800 |
| Móttaka á úrgangi til endurnýtingar | 1 | | 46.200 |
| Mötuneyti | 1 | 1 | 66.800 |
| Mötuneyti, lítið (allt að 25 gestir) | 1 | | 39.600 |
| Neysluvatn, átöppun og dreifing | 1 | 1 | 93.200 |
| Nuddstofa | 0,5 | | 18.150 |
| Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,5 | | 23.100 |
| Plastiðnaður, vinnsla með plast og frauðefni | 0,5 | | 23.100 |
| Prentiðnaður | 0,5 | | 21.450 |
| Pökkun á sápuefnum | 0,5 | | 23.100 |
| Rafgeymaverksmiðja og verkstæði | 0,5 | | 21.450 |
| Rafvélaverkstæði | 0,5 | | 21.450 |
| Reykhús og/eða reykofn | 0,5 | | 29.700 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Sala á tilbúnum mat, lítil | 2 | 1 | 77.000 |
| Sala á tilbúnum mat | 2 | 1 | 96.000 |
| Sambýli | 0,5 | | 19.800 |
| Samkomusalir | 0,5 | | 19.800 |
| Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h. | 0,5 | | 19.800 |
| Skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða | 1 | | 132.800 |
| Skotvöllur | 1 | | 33.000 |
| Skólphreinsistöð, rotþró o.þ.h. | 1 | | 52.800 |
| Skyndibitastaður eða veitingastofa | 2 | 1 | 93.200 |
| Skyndibitastaður eða veitingahús | 2 | 1 | 119.600 |
| Smáhýsi (matvörudreifing) eða matsöluvagn | 1 | 1 | 60.200 |
| Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h. | 0,25 | | 6.600 |
| Snyrtistofa | 0,5 | | 19.800 |
| Snyrtivara, matvara, sérhæfð verslun s.s. apótek | 1 | | 33.000 |
| Sorpflutningar og sorphirða | 1 | | 56.100 |
| Sólbaðstofa | 1 | | 46.200 |
| Spennistöð | 0,5 | | 10.725 |
| Steinsmíði | 1 | | 39.600 |
| Steinsmíði, minni háttar | 0,5 | | 19.800 |
| Sumarbúðir | 1 | | 46.200 |
| Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 1 | 73.400 |
| Sund- og baðstaður, lítill | 3 | 2 | 166.600 |
| Sund- og baðstaður | 5 | 5 | 301.000 |
| Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 0,5 | 66.400 |
| Tannlæknastofa | 0,5 | | 36.300 |
| Te eða kaffi, pökkun | 0,5 | 0,5 | 26.800 |
| Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 1 | | 36.300 |
| Tóbakssala | 1 | | 33.000 |
| Trésmiðja, verkstæði | 0,5 | | 23.100 |
| Trésmiðja, með lökkun og/eða mikið umfang | 1 | | 46.200 |
| Varaaflstöð, olíubirgðir > 1.600 l | 1 | | 46.200 |
| Vatnsveita og vatnsból 30.000 – 40.000 íbúar | 25 | 25 | 1.340.000 |
| Vatnsveita og vatnsból 25.000 – 30.000 íbúar | 22 | 22 | 1.179.200 |
| Vatnsveita án vatnsbóls > 5.000 íbúar | 12 | 12 | 603.600 |
| Vatnsveita án vatnsbóls 1.000 – 5.000 íbúar | 4 | 4 | 201.200 |
| Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar | 1 | 1 | 53.600 |
| Vatnsveita, einkavatnsból | 1 | 1 | 53.600 |
| Veitingastofa | 2 | 1 | 93.200 |
| Veitingahús | 2 | 1 | 119.600 |
| Veitingavagn | 1 | | 60.200 |
| Veitingaverslun, brauðstofa, ísbúð | 1 | 1 | 93.200 |
| Verslunarmiðstöð | 1 | | 52.800 |
| Viðhald skipa | 1 | | 82.500 |
| Vinnsla með trefjaplast | 1 | | 72.600 |

| Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|
| Vistheimili | 0,5 | | 23.100 |
| Vörugeymsla | 1 | | 56.100 |
| Þvottahús og/eða efnalaug | 1 | | 46.200 |